

Söguaðferð er aðferð sem sameinar að mörgu leyti kosti þemanáms og könnunaraðferðarinnar. Hún gefur nemendum tækifæri til að setja sig í spor annarra og glíma við fjölbreytileg viðfangsefni. Söguaðferð gefur enn fremur kost á að flétta saman hin ýmsu námssvið í eina heild og eflir auk þess samvinnu nemenda og frjálsa sköpun. Í þessum söguramma fá börnin bréf frá persónu úr fortíðinni sem biður um þeirra hjálp. Þannig fer ákveðin atburðarás af stað sem stjórnast af áhuga og hugmyndum barnanna en einnig getur kennari bætt við og víkkað umfjöllunarefnið og þannig haft áhrif á þá atburðarás sem nemendur þurfa að takast á við.

Ísland áður fyrr – söguramma

Söguramminn er eins og nafnið gefur til kynna rammi utan um ákveðið viðfangsefni. Þar er að finna nokkrar hugmyndir að því hvernig verkefnið getur hafist og líka þróast, en börnin og hugmyndir þeirra geta líka haft mikil áhrif á þróunina þannig að vinnan verði ólík því sem hér er lýst.

Hvað /hverjir?

Börnunum berst dularfullt bréf. Blaðið er brúnt og skriftin þvæld (blöð lögð í bleyti í tevatni og skrifað með kolum). Bréfið er frá persónu í vanda sem finnur ekki bæinn sinn og finnst margt skrítið í umhverfinu sem bendir til þess að hún sé úr fortíðinni. Persónan biður um hjálp barnanna.




Til barnanna á Fífuborg.

Ég var að velta fyrir mér hvort þið gætuð orðið mér að liði? Ég held að ég sé týndur. Ég sé reyndar ennþá fjallið mitt, víkina og sjóinn en allt annað er breytt. Ég finn ekki lengur bæinn minn. En hér er fullt af skrýtnum stærðarinnar húsum. Ég laumaðist inn í eitt en fann eigi baðstofuna, skepnuhúsin né eldhúsið. Ég hef séð fólk búa til mat í mjög skrýtnum vélum með ótal ljósum og nöbbum. Einnig virðist fólk ekki sof a í baðstofunni heldur í mörgum herbergjum og bara einn í hverju rúmi. Og engar sé ég skepnurnar, bara einstaka kött og hunda en hundarnir eru með snæri í ólinni og draga mannfólkið áfram. Enginn er á hestbaki heldur ferðast fólk í skrýtnum kassa sem þýtur um strætin.

Hvar er ég lentur? Hvað á ég að gera? Getið þið hjálpað mér?

Kær kveðja, Baggalútur.



Börnin ákveða hvort þau vilja hjálpa persónunni og ræða um innihald bréfsins. Börnin semja í sameiningu bréf til persónunnar dularfullu og spyrja hana nánar út úr t.d. um aldur, þjóðerni eða leita eftir upplýsingum um týnda bæinn. Þannig hefjast bréfaskrif á milli persónunnar og barnanna.

Tilvalið er að fara í heimsókn á Árbæjarsafn og fá leiðsögn um gamla bæinn þegar byrjað er á þessu verkefni. Það er hægt að gera áður en þeim berst fyrsta bréfið til að kveikja áhuga þeirra á lífinu í gamla daga eða eftir að fyrsta bréfið berst, þá sem einskona heimildaöflun. Áður en farið er á safnið er gerður vefur (hugarkort) og bætt við hann að lokinni heimsókn.

Fyrsta svarbréfið. Rætt um hvernig gott sé að byrja og enda bréf. Börnin vildu láta teikna mynd af bíl svo persónan skildi hvað þau væru að meina.

Staður (hvar?)

Börnin fá svarbréf frá dularfullu persónunni með upplýsingum um bæinn og fara þá í gönguferð um nágrennið til að leita að vísbendingum t.d. húsarústum eða einhverjum sem kennari er búinn að koma fyrir á góðum stað t.d. fatabút, gömlum munum, teikningu eða ljósmynd. Í Grafarvoginum (á Nónhæð milli kirkjugarðsins og Engjahverfis) er skilti með upplýsingum um gamlar bújarðir. Þar er mynd af gamla torfbænum á Korpúlfsstöðum og það var vísbendingin sem við unnum út frá.

Einn barnahópurinn ákvað að gera hús úr Einingakubbum fyrir Baggalút. Húsið fékk að standa í nokkra daga.



Út frá þeim vísbendingum sem finnast ákveða börnin í sameiningu hvernig sé nú best að hjálpa dularfullu persónunni að finna heimili sitt. Börnin geta t.d. ákveðið að búa til handa honum nýjan bæ í stað þess týnda eða ónýta (t.d. úr pappakassa, holukubbum eða einingakubbum). Við þá vinnu er gott að rifja upp myndir og umræður úr Árbæjarsafnsferð, einnig er hægt að skoða bókaflokkinn Ísland áður fyrir frá Námsgagna stofnum (eða sambærilegan vefleiðangur

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrrefur/islandadurfyr.htm>).

Þannig verða umræður og vinna með húsakynni, efnivið þeirra og innréttingar (baðstofan, eldhúsið, salerni, leikföng). Einnig kemur til greina að gera umhverfi bæjarins og hægt að skoða þá dýrin, hlutverk barna í gamla daga við verkin eða umhverfisvernd t.d. hvað gerði maður við ruslið í gamla daga? Var rafmagn í gamla daga? Hvernig kveikti maður ljós? En hvernig kynti fólk húsin sín?



Hér má sjá tvo ólíka burstabæi. Börnin vildu líka gera bæjarhlaðið og „gamaldags girðingu“ hlaðna úr grjóti. Á bæjarhlaðinu er líka dýr og fólkíð sem býr á bænum. Á borðinu sjást gamlir munir unnir úr jarðleir. Á veggnum hanga bæði myndir barnanna sem sýna upplifunina frá Árbæjarsafni og ljósmyndir þaðan.

Viðburðir

Í bréfasamskiptum sínum við persónuna geta börnin komið með hugmyndir af viðburðum t.d. ef þau spyrja hvernig jólin voru í gamla daga. Einnig getur kennari haft áhrif með því að „láta“ persónuna spyrja um tiltekna hluti í bréfum sínum sem börnin þurfa þá að afla upplýsinga um og skýra út fyrir persónunni. Dæmi um slíkt væri að „láta“ persónuna spyrja hvaðan börnin nú til dags fá mat og föt. Einnig getur persónan spurt hvernig maður geri þarfir sínar því hún finni hvorki kopp né kamar/flór.

Börnin geta boðið persónunni í heimsókn t.d. til þess að fræðast um hana og lífið í gamla daga. Ef börnin vilja búa til nýjan bæ fyrir persónuna er líka kjörið að bjóða henni í heimsókn til þess að líta á hann. Persónan getur þá verið handbrúða eða jafnvel kennari í hlutverki. Í heimsókninni geta börnin boðið persónunni upp á þjóðlegan mat og persónan getur og sýnt gamla muni og myndir. Einnig geta börnin sungið fyrir persónuna gömul og þjóðleg lög t.d. *Krummavísur* og *Fyrr var oft í koti kátt*. Persónan getur líka kennt þeim leikinn *Pílaranda* og lagið *Hvað kanntu að vinna?* (sjá Dansar og hreyfileikir fyrir leikskólaborn. Viðauki – 20 dansar eftir Kolfinnu Sigurvinsdóttur og Huldu Sverrisdóttur).



Persónan okkar á Fífuborg heitir Baggalútur, eða eins og hann segir sjálfur heitir hann Steinn en er kallaður Baggalútur (sem getur þýtt lítill strákur). Eitt árið ákváðu börnin að búa til nýjan bæ í stað þess gamla sem hlyti að vera ónýtur. Þegar bærinn var svo tilbúinn buðu þau honum í heimsókn og hann kom og sýndi þeim ýmsa gamla muni s.s. ask, spón, lýsislampa og steina sem heita baggalútar!



Annað árið kom Baggalútur í heimsókn og börnin ákváðu að hann væri með þeim á leikskólanum á daginn og færi heim með þeim til skiptis á kvöldin. Þau vildu að hann hefði litla bók þar sem væri skráð hvað hann lærði heima hjá þeim og svo væri lesið úr bókinni á leikskólanum. Þannig spunnust heilmiklar umræður um samfélag nútímans um leið og við lærðum um fortíðina. Á þessari mynd má sjá þegar börnin fóru með Baggalút í matvörubúð og sögðu honum frá því að ávextirnir kæmu frá heitu löndunum í flugvél og maður þyrfti að borga fyrir matinn með peningum.

Annað

Börnin geta teiknað mynd af því sem þeim fannst merkilegast í Árbæjarsafninu þegar heim er komið (gaman að nota kol).

Börnin geta tekið með sér spæjarabók og blýant og teiknað mynd af því sem þeim finnst markvert bæði á Árbæjarsafni og í gönguferðinni þar sem leitað er að vísbendingum.

Börnin geta leirað gamla muni, t.d. til að gefa persónunni (gaman að nota jarðleir).



Börnin vildu bara með Baggalút í gönguferð um hverfið. Þau fræddu hann um m.a. um umferðarreglurnar, stofnanir og byggingar í hverfinu og hvert ruslið færi. Hann fræddi þau á móti um hvernig hlutirnir voru öðruvísi í gamla daga.

Kolbrún G. Haraldsdóttir

Leikskólanum Fífuborg

Síðast uppfært í júní 2011

Það er um að gera að leyfa börnunum að hafa áhrif á hvernig verkefnið þróast og láta þau svo útfæra hugmyndirnar. Dæmi um slíkt var þegar börnin óskuðu eftir því að persónan færi heim með þeim til skiptis. Þau ákváðu í sameiningu í hvaða röð þau fengju hann og kennarinn setti listann niður á blað. Þannig voru þau öll sátt við röðina t.d. var eitt barn sem bauðst til þess að vera síðast. Þau merktu svo sjálf við á listanum þegar þau voru búin að fara með persónuna heim. Þau óskuðu líka eftir því að persónunni fylgdi bók þar sem væri skráð hvað hún hafði gert og lært. Þannig skapaðist umræðugrundvöllur fyrir að ræða um af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru í nútímanum og hvað var eins og hvað var öðruvísi í gamla daga. Þarna fléttaðist því inn í margbreytilegur veruleiki barnanna í barnahópnum og umræðurnar urðu fjölmennningarlegar, t.d. mismunandi fjölskyldugerðir og þjóðerni.